



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Ópíóíðar

Eftirfarandi upplýsingar voru teknar saman í kjölfar fréttar af lyfjatengdum andlátum. Fram skal tekið að ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um þau andlát fyrr en lokið er réttarkröfningum, lyfjamælingum og rannsóknum lögreglu. Þar er um tímafrekt ferli að ræða sem jafnan tekur marga mánuði. Staðfestar upplýsingar um [lyfjatengd andlát](#) eru birtar einu til tvisvar sinnum á ári. Yfirlit um ávísanir ópíóíða var síðast birt í [mars 2022](#).

Undanfarin misseri hefur skapast mikil umræða í samfélaginu um vaxandi misnotkun ópíóíða á Íslandi vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem slíkt getur haft í för með sér. Ópíóíðar falla í flokk ávana- og fíknilyfja en notkun þeirra getur valdið því að notandinn verður háður lyfjunum vegna vanabindingar eða líkamlegrar fíknar. Auk þess að vera mjög ávanabindandi, geta of stórir skammtar ópíóíða verið lífshættulegir vegna bælandi áhrifa sem þeir hafa á þann hluta heilans sem stýrir öndun. Of stórir skammtar geta því valdið öndunarstoppi og dauða.

Í ljósi ofangreinds, sem og vegna eftirlits embættis landslæknis með ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, hefur embættið árlega gert [greiningu](#) á notkun lyfja í þessum flokki. Auk upplýsinga úr lyfjagagnagrunni um ávísanir og afgreitt magn ópíóíða, tekur greiningin að þessu sinni einnig til upplýsinga frá Lyfjastofnun um heildarmagn seldra ópíóíða í samanburði við heildarmagn á hinum Norðurlöndunum. Með heildarmagni er átt við ópíóíða sem notaðir eru á heilbrigðisstofnunum og af dýralæknum til notkunar í starfi, auk þess sem afgreitt er til einstaklinga gegn lyfjaávisun í apótekum.

Embætti landlæknis, embætti ríkislögreglustjóra, Lyfjastofnun, Sjúkratryggingar og Skatturinn settu á laggirnar vinnuhóp í apríl sl. til að taka saman tölulegar upplýsingar um ópíóíða. Tölulegar upplýsingar embættis landlæknis gefa til kynna að afgreitt magn ópíóíða hefur haldist nánast óbreytt frá 2018, þrátt fyrir tímabundna aukningu í fjölda einstaklinga sem leysti út lyf í flokki ópíóíða árið 2022 í tengslum við COVID-19. Tölulegar upplýsingar Sjúkratrygginga, þ.e. um kostnað og afgreiðslu lyfja sem hafa greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga, sýna sömu mynd og tölur embættisins. Hið sama gildir um tölulegar upplýsingar Lyfjastofnunar sem sýna heildarsölu lyfja úr heildsölu. Talnaefni embættis landlæknis, Sjúkratrygginga og Lyfjastofnunar dregur þannig upp sömu mynd af löglegri dreifingu ópíóíða.

Embætti ríkislögreglustjóra og Skatturinn fóru yfir tölulegar upplýsingar sínar um haldlagningu lögreglu og tollgæslu. Þær upplýsingar varða ólöglegan innflutning og dreifingu ópíóíða sem ekki er til umfjöllunar í þessum Talnabrunni.


Embætti landlæknis beinir þeim eindregnu tilmælum til lækna að gæta þess að:

- ávísar vægari verkjalyfjum fremur en ópíóíðum til verkjastillingar, þegar það er unnt,
- ávísar minnsta viðeigandi skammti og magni lyfja þegar um skammtímameðferð er að ræða, t.d. eftir aðgerð,
- hafa hugfast að lækni er heimilt að ávísar minna magni lyfs en sem nemur minnstu pakkningu. Lækni væri þannig í lófa lagt að ávísar t.d. 5 forðatöflum af oxýkódóni, þurfi á annað borð að ávísar svo sterku verkjalyfi,
- brýna fyrir sjúklingum að leysa ópíóíðana ekki út nema ástæða sé til,
- gæta þess að skoða lyfjasögu sjúklings áður en ópíóíðum er ávísað,
- kynna sér nýja uppfærslu af [Leiðbeiningar um góða starfshætti lækna við ávísun ávana- og fíknilyfja og fleiri lyfja sem hafa misnotkunarhættu í för með sér](#).

Þróun í afgreiðslu lyfjaávisana á ópíóíða á Íslandi

Frá árinu 2020 hefur einstaklingum fjölgað sem leyst hafa út lyfjaávisun á ópíóíða, frá því að vera 157/1.000 íbúa árið 2020 í 181/1.000 íbúa 2022 (mynd 1). Þetta samsvarar því að ríflega 69 þúsund einstaklingar hafi leyst út að minnsta kosti eina ávisun á ópíóíða á árinu 2022 samanborið við ríflega 57 þúsund árið 2020. Árið 2021 leystu tæplega 61.500 einstaklingar út lyf í þessum flokki. Parkódín er langalgengasta lyfið sem afgreitt er.


Hafa ber í huga í því samhengi að árið 2022 var frábrugðið fyrri árum að því leyti að í marsmánuði var lyfjafræðingum í apótekum veitt tímabundin heimild til að afgreiða 10 stykkja pakkningar af Parkódín án ávisunar frá lækni en Parkódín inniheldur parasetamol og ópíóíðann kódeín. Þessi breyting var gerð í kjölfar mikillar útbreiðslu á COVID-19 sjúkdómnum sem olli miklu álagi á heilbrigðisstofnanir landsins. Parkódín hefur vissa hóstastillandi verkun og var því notað við verkjum og þrálátum hósta sem sjúkdómurinn olli. Af þeim ríflega 69 þúsund einstaklingum sem leystu út ópíóíða árið 2022 voru ríflega 5.600 sem leystu eingöngu út 10 stykkja pakkningu af Parkódín. Má því rekja um 70% af þeirri fjölgun sem varð á fjölda einstaklinga sem leystu út ópíóíða árið 2022 til þessa. Samsvarandi hlutfall fyrir 2021 var tæp 50% (mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út ≥ 1 ávisun af lyfjum sem innihalda ópíóíða (ATC flokkur N02A og R05DA20), heildarfjöldi og greint eftir kyni, 2014–2022. Brotalínan gefur til kynna heildarfjölda einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út a.m.k. eina ávisun á ópíóíða, að undanskildum þeim sem fengu afgreitt 10 stk. pakkningu af Parkódín (norrænt vörunúmer 436044). Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

Sem fyrr er umtalsverður munur á notkun ópíóíða eftir kyni og eru konur meirihluti notenda. Árið 2022 leysti 21,2% allra kvenna (212/1.000 konur) út ávisun á ópíóíða samanborið við 14,7% karla (147/1.000 karla) (mynd 1).


Notkun ópíóíða vex með hækkandi aldri en árið 2022 leystu ríflega 36% einstaklinga (362/1.000 íbúa) yfir áttræðu út ávisun á ópíóíða. Aukning varð á notkun ópíóíða árið 2022 í öllum aldursflokkum, að undanskildum elsta aldurshópnum þar sem notkunin stóð í stað (mynd 2).



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga af hverjum 1.000 íbúum sem leysti út ≥ 1 ávísun á ári af ópíóíðum (ATC flokkar N02A og R05DA20) greint eftir aldursflokkum, 2014-2022. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

Árið 2022 var afgreitt magn af ópíóíðum 20,7 DDD/1.000 íbúa á dag sem er lítið eitt minna en árið 2021 þegar það var 21,5 DDD/1.000 íbúa á dag. Frá árinu 2018 hefur afgreitt magn af ópíóíðum haldist nokkuð stöðugt, á bilinu 20,5 til 21,6 DDD á hverja 1.000 íbúa á dag (mynd 3). Lyf í flokki blöndu kódeíns og parasetamóls eru mest notuðu lyfin í flokki ópíóíða eða 69% af því heildarmagni sem notað var af ópíóíðum árið 2022, mælt í DDD. Parkódín og Parkódín forte eru í þessum lyfjaflokki. Hlutdeild kódeíns og parasetamóls af heildarmagni hækkaði um tvö prósentustig milli ára. Þessa hækkun má túlka á þann veg að þrátt fyrir að ekki hafi orðið aukning á heildarmagni ávísaðra ópíóíða þá hefur hlutdeild kódeíns af heildarmagni aukist samhliða því sem minna er notað af sterkari ópíóíðum (mynd 3).


Skilgreindur dagskammtur lyfja, DDD (Defined Daily Dose), er ætlaður meðaltals daglegur viðhaldsskammtur við helstu ábendingum lyfs hjá fullorðnum.




Mynd 3. Afgreitt magn (DDD) ópíóíða á hverja 1.000 íbúa á dag (ATC flokkur N02A) greint eftir árum og undirflokkum ópíóíða, 2014-2022. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

Á mynd 4 sést fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út að minnsta kosti eina ávísun á ári og afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag, af tilteknum undirflokkum ópíóíða á árunum 2014-2022. Færri einstaklingar fengu ávísað sterkum verkjalyfjum, þ.e. oxýkódóni og blöndu oxýkódóns/naloxóns, tramadóli, morfíni, fentanýli og búprenorfíni árið 2022 samanborið við 2021. Ennfremur varð samdráttur milli ára á því magni sem afgreitt var af þessum sömu lyfjum (mynd 4).

Þrátt fyrir að fjölgað hafi í hópi þeirra sem leysti út ávísun á lyf í flokki kódeíns og parasetamóls á árinu 2022, varð ekki aukning í afgreiddu heildarmagni þessara lyfja. Því má leiða að því líkur að hver einstaklingur hafi að jafnaði leyst út minna magn lyfja í þessum flokki árið 2022 samanborið við fyrra ár (mynd 4). Af þeim sem fá afgreitt oxýkódón eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni þá fjölgar þeim lítillega sem leysa út lítið magn (mynd 5). Flestir, eða um 76%, leysa út magn sem er innan við 10 DDD (hvert DDD samsvarar 75 mg tekið um munn) árið 2022.




Mynd 4. Afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag (vinstri y-ás) og fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa (hægri y-ás) sem leysti út ≥ 1 ávísun á ári af tilteknum undirflokkum ópíóíða greint eftir árum, 2014-2022. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).



Mynd 5. Fjöldi einstaklinga sem leysti út ≥ 1 lyfjaávisun á oxýkódón (ATC flokkur N02AA05) eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni (N02AA55) greint eftir afgreiddu magni, 2014-2022. Heimild: Lyfjagagnagrunnur.

Þróunin á fyrstu fimm mánuðum ársins 2023

Þegar borin er saman þróun í notkun ópíóíða á fyrstu fimm mánuðum ársins 2023 samanborið við sömu mánuði árána 2014-2022 má sjá að fjöldi einstaklinga sem leysti út a.m.k. eina ávisun á tímabilinu janúar til maí 2023 er svipaður því sem var árin 2020 og 2021.




Umtalsvert fleiri fengu afgreidda ópíóíða á fyrstu fimm mánuðum ársins 2022, í kjölfar þess að lyfjafræðingar fengu heimild til að afgreiða Parkódín í tengslum við COVID-19 sjúkdóminn (mynd 6).

Mynd 6. Afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag (vinstri y-ás) og fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa (hægri y-ás) sem leysti út ≥ 1 ávisun á ópíóíða í ATC flokkum N02A eða R05DA20 á fyrstu fimm mánuðum hvers árs á árunum 2014-2023. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).


Samanburður á sölu ópíóíða á Norðurlöndunum

Ísland er eina Norðurlandþjóðin þar sem sala á ópíóíðum jókst milli árána 2020 og 2021. Dregið hefur úr sölu ópíóíða á öllum hinum Norðurlöndunum á undanförunum áratug, þó í mismiklum mæli. Mestur hefur samdrátturinn verið í Danmörku en á undanförunum 15 árum hefur salan þar í landi dregist saman um rúm 45%. Árið 2021 var sala á lyfjum í flokki ópíóíða á Íslandi 23,8 DDD/1.000 íbúa dag sem er tæplega 33% meira en í Noregi sem er það land sem er næst á eftir Íslandi í seldu magni ópíóíða (mynd 7). Óstaðfestar bráðabirgðatölur gefa til kynna að heildarmagn seldra ópíóíða á Íslandi hafi lækkað niður í 23,0 DDD/1.000 íbúa á dag árið 2022. Ekki liggja fyrir sölutölur ópíóíða á hinum Norðurlöndunum fyrir árið 2022.




Mynd 7. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000 íbúa/dag), (ATC flokkur N02A) á Norðurlöndunum, 2000-2021 (2022 fyrir Ísland). Heildarsala, þ.e. bæði til heilbrigðisstofnana og til afgreiðslu gegn lyfjaávisun. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).

Sá munur sem er á seldu magni ópíóíða á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum skýrist að mestu með meiri notkun lyfja hér á landi sem innihalda blöndu parasetamóls og kódeíns (mynd 8). Hvað varðar aðra undirflokkka ópíóíða má sjá að á Íslandi er minnst selt af svokölluðum náttúrulegum ópíumalkóíðum, en í þann flokk falla m.a. morfín og oxýkódón. Einnig er sala búprenorfíns til verkjastillingar minnst á Íslandi (mynd 9).



Mynd 8. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000/dag) (ATC flokkur N02A) árið 2021, greint eftir undirlyfjaflokkum. *Fentanýl, ketóbemidón, petidín. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).



Mynd 9. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000/dag) (ATC flokkur N02A) árið 2021, greint eftir undirlyfjaflokkum. *Fentanýl, ketóbemidón, petidín. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).

Umræða

Þrátt fyrir að fjölgað hafi í hópi þeirra sem leystu út lyf í flokki ópíóíða árið 2022 þá varð ekki aukning í afgreiddu magni ópíóíða á milli ára. Sú aukning sem varð á fjölda einstaklinga sem leysti út ópíóíða árið 2022 var bundin við lyf í flokki kódeíns og parasetamóls. Stór hluti þessarar aukningar er tilkominn vegna notkunar á Parkódín í tengslum við COVID-19 þegar heimilað var tímabundið að afhenda 10 stykkja pakkningu af lyfinu án lyfjaávisunar frá lækni. Ekki var um að ræða aukningu á fjölda þeirra sem leystu út lyf í flokki sterkari ópíóíða.

Tölulegar upplýsingar um notkun ópíóíða á fyrstu fimm mánuðum þessa árs, gefa ekki til kynna að notkunin sé mjög frábrugðin því sem var á árunum 2020 og 2021.

Embætti landlæknis hefur, ásamt öðrum stofnunum, beitt sér fyrir mótvægisáðgerðum til að sporna við ofnotkun ópíóíða og til að bæta öryggi verkjalyfjameðferðar á Íslandi. Allir læknar á Íslandi hafa aðgang að lyfjagagnagrunni þannig að erfiðara er fyrir einstaklinga að fara á milli lækna og verða sér úti um sömu eða sambærileg lyf samtímis hjá fleiri en einum lækni. Yfirstandandi innleiðing miðlægs lyfjakorts mun gera læknum enn auðveldar um vik að koma í veg fyrir óhóflegar ávísanir ávana- og fíknilyfja og mun bæta öryggi lyfjameðferðar almennt þegar fram sækir. Til að notkun ópíóíða verði viðlíka því sem er meðal nágrannaþjóða okkar þarf hún að dragast saman. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að minnka notkun Parkódín og Parkódín forte og ef við á að fleiri einstaklingar noti í staðinn verkjalyf sem innihalda ekki ópíóíða.

Í þessari samantekt er ekki lagt mat á umfang ólöglegs innflutnings og ólöglegrar dreifingar ópíóíða.

Þegar kemur að fíkn í ópíóíðalyf, önnur lyf og efni, þarf viðtæka nálgun margra aðila. Huga þarf að greiningu vandans, eftirliti á landamærum, forvörnum, meðferð, skaðaminnkun, eftirfylgni og langtíma úrræðum. Ljóst er að það liggur á lausnum til skemmri tíma litið, auk þess sem ráðast þarf í heildstæða stefnumótun til framtíðar.

Vinnuhópin skipuðu eftirtaldir aðilar

Birna Friðfinnsdóttir, Skatturinn

Kristinn Páll Sigurbjörnsson, Lyfjastofnun

Jóhann M. Lenharðsson, embætti landlæknis

Ólafur B. Einarsson, embætti landlæknis

Ólafur Ólafsson, Sjúkratryggingar Íslands

Snorri Örn Árnason, embætti ríkislögreglustjóra

Védís Helga Eiríksdóttir, embætti landlæknis


Samantekt

Védís Helga Eiríksdóttir

Ólögleg vímuefni - viðhorf og notkun

Árið 2021 fól embætti landlæknis fyrirtækinu Gallup að gera könnun á notkun kannabisefna og annarra ólöglegra vímuefna á Íslandi. Í sömu könnun var einnig spurt um viðhorf til ýmissa málefna tengdum vímuefnum, s.s. viðhorf til lögleiðingar á kannabisefnum og mat á skaðsemi reglulegrar notkunar kannabisefna. Í úrtakinu voru 2.770 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára af öllu landinu. Alls svöruðu 1.073 einstaklingar spurningalistanum og var svarhlutfall því 39%. Samskonar könnun var gerð árið 2018 og er því unnt að fylgjast með breytingum sem kunna að hafa átt sér stað á þessu tímabili.

Viðhorf til ólöglegra vímuefna




Mynd 1. Viðhorf til lögleiðingar á notkun á kannabisefna, 2018 og 2021.

Árið 2021 voru 46% svarenda andvígir lögleiðingu á notkun kannabis hér á landi. Er það mun lægra hlutfall en árið 2018 þegar 70% svarenda voru því andvígir (mynd 1). Nokkur munur var á viðhorfi til lögleiðingar á kannabis eftir hópum. Karlar voru hlyntari lögleiðingu en konur. Þá voru íbúar höfuðborgarsvæðisins hlyntari lögleiðingu samanborið við íbúa landsbyggðarinnar. Þau sem töldu sig vera við sæmilega eða lélega líkamlega heilsu voru einnig

hlyntari lögleiðingu en þau sem mátu heilsu sína góða eða mjög góða. Enn fremur voru þau sem hafa prófað kannabisefni eða önnur ólögleg vímuefni hlyntari lögleiðingunni en þau sem ekki hafa prófað. Þó að þeim hafi heldur fjölgað milli kannanna sem eru hlyntir lögleiðingu á notkun kannabisefna, voru fleiri svarendur andvígir lögleiðingu.

Þrír af hverjum fjórum svarendum telja að líta skuli á einstaklinga sem háðir eru vímuefnum sem sjúklinga og helmingur svarenda telur að ekki eigi að refsast einstaklingum fyrir vörslu neysluskammta vímuefna (mynd 2). Lítil munur er á þessum viðhorfum hvort sem litið er til kyns eða mismunandi aldurshópa.


Fjölgað hefur í hópi þeirra sem telja að fólk eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt þegar kemur að notkun kannabis. Árið 2018 sögðust 27% vera sammála þeirri staðhæfingu að fólk ætti að fá að



Mynd 2. Viðhorf til afglæpavæðingar á vörslu neysluskammta vímuefna á Íslandi, 2021.

ráða því sjálf hvort það notar kannabis. Árið 2021 hafði þetta hlutfall hækkað í 47%. Mikill munur er á viðhorfi svarenda hvað þetta varðar þegar litið er til aldurs og kyns. Ungt fólk er líklegra til að vera sammála því að einstaklingar eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt hvað þetta varðar samanborið við þau sem eldri eru og eru karlar því frekar sammála en konur. Sérstaka athygli vekur hve ungir karlmenn í aldurshópnum 18–34 ára eru jákvæðir í garð þessarar fullyrðingar


en árið 2021 töldu 75% þeirra að fólk ætti að fá að ráða sjálf hvort það notar kannabis (mynd 3). Að sama skapi er þetta sá hópur sem líklegastur er til að hafa prófað kannabis um ævina.



Mynd 3. Viðhorf til sjálfsákvörðunarrettar um notkun á kannabis. Spurt var að hvaða leyti ert þú sammála eða ósammála eftirfarandi staðhæfingu. Fólk á að fá að ráða því sjálf hvort það notar kannabis eða ekki.

Notkun á kannabisefnum og öðrum ólöglegum vímuefnum

Í könnuninni 2021 sögðust um 42% svarenda hafa prófað kannabisefni einhvern tíma um ævina samanborið við 36% árið 2018 sem samsvarar aukningu um 17% milli kannana. Þessi aukning varð bæði hjá körlum og konum og í flestum aldurshópum. Ótvíræður munur er á notkun kannabisefna eftir kyni en karlar eru mikill meirihluti þeirra sem hafa prófað kannabis. Einnig má sjá skýran mun milli aldurshópa en einstaklingar á aldrinum 18-34 ára eru líklegastir til þess að hafa prófað kannabis einhvern tíma um ævina. Árið 2021 höfðu 61% karla og 33% kvenna í þeim aldurshópi prófað kannabis á einhverjum tímapunkti (mynd 4). Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri en aðrir til þess að hafa prófað kannabis.



Mynd 4. Hlutfall einstaklinga sem hefur notað kannabisefni eftir kyni og aldurshópum, 2018 og 2021.


Þegar litið er til þess hóps svarenda sem við fyrirlögn könnunarinnar 2021 svaraði því til að hafa neytt kannabis á síðustu 12 mánuðum þá sögðust tæplega 9% karla og kvenna á aldrinum 18 til 67 ára hafa notað kannabis 1-2 sinnum á síðustu 12 mánuðum og 2% svarenda fjórutíu sinnum eða oftar. Um fjórðungur karla á aldrinum 18 til 34 ára hafði notað kannabisefni einu sinni eða oftar á síðustu 12 mánuðum og 11% á síðastliðnum 30 dögum. Flestir svarenda sem höfðu prófað kannabisefni höfðu ekki notað þau á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin var lögð fyrir.

Lítill breyting var á neyslumynstri amfetamíns og kókaíns milli ára 2018 og 2021. Notkun þessara vímuefna árið 2021 var mest í aldurshópnum 18 til 34 ára þar sem um 4% karla og kvenna sögðust hafa notað þessi vímuefni einu sinni eða oftar á síðastliðnum 12 mánuðum.

Mat á skaðsemi vímuefna

Spurt var um mat svarenda á skaðsemi áfengis annars vegar og kannabis hins vegar. Á milli 2018 og 2021 fjölgaði þeim umtalsvert sem töldu litla eða enga áhættu fylgja notkun þessara vímuefna eða úr 6% í 16%. Karlar í aldurshópnum 18-34 ára eru líklegastir til að meta áhættu af reglulegri notkun á kannabis og ölvunardrykkju um hverja helgi litla eða enga (mynd 5).

Þegar á heildina er litið töldu rúm 90% kvenna mikla eða miðlungs áhættu fylgja því að reykja kannabis reglulega en þetta hlutfall var rúmlega 77% hjá körlum. Sömuleiðis var hærra hlutfall kvenna sem taldi ölvunardrykkju um hverja helgi vera áhættusama þar sem 87% kvenna mat áhættu vikulegrar ölvunardrykkju mikla eða miðlungs á móti tæplega 70% karla.



Mynd 5. Hlutfall einstaklinga sem mátu litla eða enga áhættu fylgja reglulegum kannabisreykingum eða ölvunardrykkju (5 drykki eða fleiri hverja helgi), greint eftir kyni og aldursflokkum, 2018 og 2021.

Lokaorð

Niðurstöður könnunar á viðhorfi til ólöglegra vímuefna og notkunar á þeim gefa til kynna þróun frjálslýndara viðhorfs til kannabisefna meðal svarenda á milli kannanna 2018 og 2021.

Tæplega helmingur svarenda á aldrinum 18 til 67 ára hafði árið 2021 prófað ólögleg vímuefni einhvern tíma um ævina og voru karlar líklegri en konur til þess að hafa notað slík efni. Karlar á aldrinum 18 til 34 ára hafa frjálslýndara viðhorf til kannabis heldur en konur og þeir sem eldri eru. Á undanförunum árum hafa orðið breytingar á lögum og viðhorfi til kannabis í heiminum og má þar nefna lögleiðingu á kannabis í Kanada og nokkrum ríkjum Bandaríkjanna. Má leiða að því líkur að þær niðurstöður sem greint hefur verið frá hér að ofan megi að einhverju leyti rekja til þeirrar þróunar auk þess sem umræða þar að lútandi hefur verið héraðs. Notkun á kannabis getur haft skammtímaáhrif á miðtaugakerfi m.a. haft áhrif á breytta skynjun og hugræna getu. Þá getur notkunin valdið kvíða, þunglyndi og truflun á svefni. Þá hafa margar rannsóknir sýnt fram á tengsl milli kannabisnotkunar á lakari námsárangurs og brottfalls úr skóla. Þetta virðist sérstaklega eiga við ef notkun hefst snemma á unglingsárum. Notkun kannabis getur valdið fíkn hjá u.þ.b. einum af hverjum tíu notendum og meðal þeirra sem hefja notkun á unglingsárum fer þetta hlutfall upp í einn af hverjum sex.

Embætti landlæknis leggst gegn lögleiðingu héraðs og telur skaðleg áhrif slíks ótvíráða. Komi til þess að kannabis verði gert löglegt á Íslandi myndi það að öllum líkindum auðvelda aðgengi og leiða til verðlækkunar. Þess vegna er líklegt að aukning verði á kannabisnotkun þeirra sem þegar nota kannabis með þeim neikvæðu afleiðingum sem slíkri notkun fylgir, bæði fyrir einstaklinganna sjálfa sem og samfélagið í heild. Til lengri tíma litið gæti lögleiðing á kannabis einnig aukið fjölda nýrra notenda. Mikilvægt er að halda áfram að fylgjast með notkun og viðhorfum til kannabis hér á landi. Að lokum má nefna að ólíklegt er að könnun sem þessi nái til þeirra sem eru í miklum vanda vegna notkunar vímuefna.

Sveinbjörn Kristjánsson

Rafn M. Jónsson

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis
Ópíóíðar	1	Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm.	Katrínartúni 2 105 Reykjavík S. 510 1900
Ólögleg vímuefni - viðhorf og notkun	9	Hildur Björk Sigbjörnsdóttir	mottaka@landlaeknir.is www.landlaeknir.is